

15. gr.

Veita skal úr ríkissjóði 15 milljónir króna á ári hverju hið minnsta til byggingar fangelsa og vinnuhæla. Þar til lokið er við að koma upp og fullgera þær stofnanir, sem falla undir 1.—3. tölulið 2. greinar.

16. gr.

Meðan ríkisfangelsi er ekki fullbyggt, skal vista þá, sem vista ætti í hinum ýmsu deildum þess, í þeim fangelsum, sem til eru á hverjum tíma, eftir því sem aðstæður leyfa.

Þar til unglíngavinnuhæli hefur verið stofnað, skal vista unglínga í öðrum fangelsum. Skal þá eftir aðstæðum tekið tillit til aldurs þeirra og ferils.

Þar til komið hefur verið upp þeim deildum ríkisfangelsis, sem ætlaðar eru fyrir móttökudeild, gæzluvarðhald og varðhald, skal reka hegningarhúsið á Skólavörðustíg 9 í Reykjavík og fangelsi í húsnæði við Síðumúla í Reykjavík, og skal í þeim fangelsum heimilt að vista hvers konar fanga. Skal umsjón hegningarhússins vera í höndum sakadómaraembættisins í Reykjavík á sama hátt og verið hefur, unz það verður lagt niður.

17. gr.

Frá 1. janúar 1973 greiðist kostnaður við rekstur héraðsfangelsa úr ríkissjóði. Frá sama tíma skulu gilda um húsnæði, tæki og búnað héraðsfangelsa ákvæði 14. gr. laga um lögreglumenn, nr. 56 29. maí 1972.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 18 15. marz 1961, um ríkisfangelsi og vinnuhæli, lög nr. 21 15. marz 1961, um héraðsfangelsi, og tilskipun frá 4. marz 1871, um byggingu hegningarhúsa og fangelsa á Íslandi m. fl.

Gjört að Bessastöðum, 24. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(I. S.)

Ólafur Jóhannesson.

FORSETA BRÉF

um þinglausnir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi, 93. löggjafarþing, hefur lokið störfum. Mun ég því slíta Alþingi í dag.

Gjört í Reykjavík, 18. apríl 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ólafur Jóhannesson.